

Sofðu Unga Ástin Min

Luca Turilli

Sofðu unga ástin mín
úti regnið grætur.
Mamma geymir gullin þín
gamlan legg og völuskrín.
Við skulum ekki vaka um dimmar nætur.

Það er margt sem myrkrið veit
minn er hugur þrotinn.
oft ég svartan sandinn leit
svið og grænan engireit.
Í jöklinum hljóða dauðar djúpar sprungur.

Sofðu lengi sofðu rótt
seint mun best að vakna.
Mæðum kenna mun þér fljótt
meðan hallar degi skjótt.
Mennirnir elska, missa, gráta og sakna.